



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 25. ágúst 2026

MSS26080087

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 25.8.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs - til afgreiðslu

Lögð fram trúnaðarmerkt tillaga borgarstjóra, dags. 25. ágúst 2026, um breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Greinargerð fylgir tillögunni. Samþykkt með fimm atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar.

Málið er fullnaðarafgreitt á vettvangi borgarráðs með vísan til ákvæða 3. mgr. 48 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Arnar Haraldsson, Lóa Birna Birgisdóttir, Rannveig Einarsdóttir, Ragnheiður Agnarsdóttir Steinn Jóhannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Stigið er stórt skref í að tryggja börnum og fjölskyldum í Reykjavík öflugri, samræmdari og áreiðanlegri þjónustu. Heimilisföng og stjórnkerfi borgarinnar ráða ekki lengur skipulagi þjónustunnar heldur þarfir barna og fjölskyldna. Í núverandi kerfi dreifist fagþekking á margar einingar og smærri teymi eru viðkvæm fyrir álagi, fjarvistum og manneklu. Stærri og öflugri fagteymi skapa betri möguleika á sérhæfingu sem nýtist þvert á borgina, eru álagsþolnari og veita starfsfólki öflugri faglegan stuðning. Þjónusta, verklag og viðmið verða samræmd svo fjölskyldur geti treyst á sambærilega þjónustu óháð búsetu. Jafnframt fæst betri yfirsýn yfir þjónustuþörf, biðtíma, álag og árangur þjónustunnar. Verkaskipting velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs skýrist og einstaklingsmiðuð þjónusta við börn og fjölskyldur verður betur samþætt. Talmeinafræðingar, þroskaþjálfar, hegðunarráðgjafar og farteymi færast undir barna- og fjölskylduþjónustu velferðarsviðs. Þannig styttest boðleiðir, samfella í eftirfylgni styrkist og betri forsendur skapast til snemmtæks stuðnings. Á sama tíma verður faglegur stuðningur við skóla- og frístundastarf sameinaður í öflugri skóla- og frístundaþjónustu. Breytingarnar taka mið af þróun rafrænna lausna en nærþjónusta í hverfum, skólum og frístundastarfi verður áfram tryggð og styrkt. Þeim fylgir ekki þjónusturof og útfærslu þeirra verður haldið áfram næstu mánuði. Minni yfirbygging og fækkun stjórnendastöðugilda skila um 900 milljóna króna



Reykjavík



hagræðingu á ársgrundvelli samhliða styrkingu framlínubjónustu. Leiðin inn í velferðarbjónustuna verður jafnframt einfaldari með sameiginlegri móttöku sem beinir erindum í réttan farveg eftir bjónustupörf. Kjarninn er öflugri fagleg umgjörð, skýrari bjónustuleiðir og rétt bjónusta á réttum tíma. Málið verður tekið til formlegrar umræðu á fyrsta fundi borgarstjórnar 8. september.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg á að sjálfsögðu ávallt að sýna ábyrgð í rekstri og nýta fjármuni og mannauð vel. Við styðjum skynsamlega samþættingu stoðbjónustu og skýrari stjórnunarspönn, og teljum mikilvægt að ljúka yfirferð á hlutverki stjórnenda sem hófst í janúar sl. Af því leiðir samt ekki að nauðsynlegt sé að fórna hverfamiðaðri nærþjónustu fyrir miðlægt skipulag. Miðlæg stjórnun getur verið skynsamleg. Miðlæg bjónusta sem fjarlægist fólk er það ekki. Það eru varhugaverð vinnubrögð að samþykkja meiriháttar stefnubreytingu án þess að rekstrarleg útfærsla, þjónustumælikvarðar eða mat á afleiðingum liggi fyrir. Tillagan skapar óþarfa óvissu um störf 400 starfsmanna og mikilvæga bjónustu við tugþúsundir borgarbúa. Eftir lokun mannréttindaskrifstofu og nú niðurlagningu alþjóðateymisins er ómögulegt að sjá hver stefna borgarinnar á að vera í málefnum innflytjenda, sem eru þó fimmtungur íbúa Reykjavíkur. Jafnréttisskimanir hafa ekki verið gerðar við þessar breytingar og það er ekki nóg að lýsa yfir að nærþjónusta eigi að halda áfram þegar útfærslu vantar. Breytingar af þessari stærðargráðu á ekki að keyra í gegnum aukafund borgarráðs á harðahlaupum til þess eins að komast hjá opinni umræðu. Ákvörðunartaka án samráðs við starfsfólk, notendur, fagráð og borgarstjórn sýnir lýðræðislegu ferli og hagsmunum borgarbúa litla virðingu. Miklu betri bragur hefði verið á því að undirbúa málið af yfirvegun og leyfa því að fá eðlilega umræðu í borgarstjórn enda um pólitíska stefnumótun að ræða.

Borgarráðsfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn telur málið mjög jákvætt og mikilvægt að nýsamþykktar breytingar séu líklegar til að bæta bjónustu við borgarbúa. Ennfremur er mikilvægt að fjárhagslegt hagræði af fyrirhuguðum skipulagsbreytingum er áætlað um 900 m.kr. sem er um 15% af áætluðu gati milli tekna og rekstrarútgjalda borgarinnar og enn frekari áskoranir framundan á næsta ári. Það væri algerlega óábyrgt af borgaryfirvöldum að bregðast ekki við þessari grafalvarlegu stöðu, sem er ógn við alla bjónustu sem borgin veitir. Jafnframt er ljóst að frekari umbóta er þörf í rekstri borgarinnar svo hann verði sjálfbær.

Áheyrnarfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Með þessum illa ígrunduðu tillögum og hroðvirknislegu skipulagsbreytingum er meirihlutinn að valda miklum skaða sem bitnar á íbúum og bjónustu við viðkvæma hópa. Þrátt fyrir yfirlýsingar um að vernda grunnþjónustuna munu þessar breytingar gera hið gagnstæða. Hægri meirihlutinn ætlar að breyta bjónustu við viðkvæma hópa, auka miðstýringu sem færir bjónustuna fjær borgurunum með tilheyrandi flækjustigi og segja upp reynslumiklu fólki sem þekkir verkefni Reykjavíkurborgar vel. Skortur er á pólitískri sýn með þessum aðgerðum, líkt og þegar öllum upplýsingafulltrúum borgarinnar og



verkefnastjórum á skrifstofu borgarstjóra var sagt upp. Þá liggur engin sjálfstæð rýni þessa meirihluta fyrir á verkefnum og störfum fólks eða yfirlega um hverjar afleiðingarnar verða og ekkert jafnréttismat. Allar umfangsmiklar skipulagsbreytingar krefjast pólitískrar rýni og innleiðing þeirra krefst alúðar og tíma. Það er ekki að finna hér heldur er vaðið áfram af mikilli vanvirðingu með excel-skjalið að leiðarljósi og af algerri vanþekkingu á þeirri mikilvægu þjónustu sem borgin veitir til íbúanna. Með þessum aðgerðum er verið að fletja út kerfið þannig að það taki ekki tillit til ólíkra þarfa fólks í mismunandi hverfum borgarinnar. Með þessum niðurskurðaraðgerðum er meirihlutinn að boða minna frelsi, lakari þjónustu og líklega aukin fjárútlát þegar fram í sækir – þvert á það sem hann hefur sagt í opinberri umræðu. Hér er ekki verið fara vel með fé skattgreiðenda heldur er verið að „spara“ sér til tjóns. Eins er eftirtektarvert að meirihlutinn hefur ekki hugmynd um hvernig eigi að útfæra þessi niðurskurðaráform og lætur það í hendurnar á embættismönnum.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands gagnrýnir tímasetningu stjórnskipulagsbreytinganna en málið var afgreitt á síðasta mögulega tímapunkti sem borgarráð hefur fullnaðarafgreiðsluheimildir. Tillagan ratar því ekki inn á vettvang borgarstjórnar og fær ekki þá lýðræðislegu umræðu sem stjórnskipulagsbreytingar af þessari stærðargráðu krefjast. Tillögurnar eru ekki nægilega ígrundaðar. Ekki liggur fyrir hvernig verður brugðist við þjónusturofi sem getur myndast þegar u.þ.b. 350 starfsmenn þurfa að aðlagast nýju fyrirkomulagi, heyra undir nýja yfirmenn, endurskipuleggja teymi og flytja á nýjan starfsstað. Ekki hefur verið stigið varlega til jarðar í uppsögnum miðað við viðkvæmt efnahagsástand sem getur verið innspýting til kreppuástands. Miklar áhyggjur vakna yfir stöðu málaflokks fólks af erlendum uppruna eftir niðurlagningu mannréttindaskrifstofu og nú alþjóðateymis. Engin skýr ábyrgð stendur eftir í kringum málaflokkinn. Að lokum er endurskipulagning á þjónustu við börn gagnrýnd þar sem skólaþjónustunni er skipt milli tveggja sviða. Ekki sést hvernig sú breyting á eftir að auka skilvirkni og samþættingu þjónustu ef kennsluráðgjafar, sérkennsluráðgjafar o.fl. heyra undir skóla- og frístundasvið en talmeinafræðingar, sálfræðingar o.fl. heyra undir velferðarsvið. Slík skipting getur leitt til skorts á heildarsýn þar sem virkt samstarf milli allra þeirra sem koma að málum barna er nauðsynlegt til að tryggja skilvirkan og öflugan stuðning við börn og skólastarfsemi.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:
Velferðarsvið
Skóla- og frístundasvið





Borgarráð

Reykjavík, 25. ágúst 2026

MSS26080087

Breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að borgarráð samþykki að gera breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, frá og með 1. september 2026, í samræmi við markmið stýrihóps um hagræðingu og innleiðingu breytinga hjá Reykjavíkurborg, sem eru að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði við yfirbyggingu og nýta fjármuni borgarinnar betur. Þessar breytingar eru jafnframt í samræmi við verkefnalista meirihlutasáttmála Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks. Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Miðstöðvar Reykjavíkurborgar: Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Suðurmiðstöð, frístundamiðstöðvarnar: Brúin, Kringlumýri, Miðberg og Tjörnin, auk Keðjunnar og Virkni húss, verði lagðar niður sem sérstakar skipulagseiningar og verkefni þeirra verði endurskipulögð og færð undir nýtt skipulag skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs eftir því sem við á. Alþjóðateymi verði lagt niður. Nýtt skipulag byggi á þjónustupörf, faglegri sérhæfingu og samræmdri þjónustu þvert á borgina, í stað núverandi landfræðilegrar hverfaskiptingar. Áfram verður lögð áhersla á nærþjónustu við íbúa í hverfum, skólum og í frístundastarfi. Sjá nánari útfærslu í greinargerð.
2. Nýtt stjórnskipulag velferðarsviðs: Þjónusta sviðsins verði skipulögð í fjórum fagskrifstofum undir sviðsstjóra: skrifstofa barna- og fjölskyldumála, skrifstofa félags- og húsnæðismála, skrifstofa öldrunarmála og skrifstofa málefna fatlaðs fólks. Einstaklingsmiðuð þjónusta við börn og fjölskyldur sem nú er veitt á skóla- og frístundasviði færist jafnframt til velferðarsviðs og verði hluti af starfsemi skrifstofu barna- og fjölskyldumála. Þar undir falli stöðugildi talmeinafræðinga, þroskaþjálfara og hegðunarráðgjafa, auk starfsemi farðeyma. Barnavernd Reykjavíkur færist jafnframt undir skrifstofu barna- og fjölskyldumála og verði hluti af samþættri þjónustu skrifstofunnar við börn og fjölskyldur. Verkefni fjármála á miðstöðvum flytjast á skrifstofu fjármála og reksturs og verði endurskipulögð. Nýtt skipurit og nánari útfærslu má sjá í greinargerð.
3. Nýtt stjórnskipulag skóla- og frístundasviðs: Fagleg forysta leikskóla færist inn á skrifstofu leikskólamála, grunnskóla inn á skrifstofu grunnskólamála og frístundastarfs inn á skrifstofu frístundamála. Skrifstofa nýsköpunar og þróunar sem starfar þvert á starfsemi leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála, fær nýtt heiti – skóla- og frístundaþjónusta. Til skrifstofunnar flytjast stöðugildi kennsluráðgjafa,



sérkennsluráðgjafa, daggæsluráðgjafa, frístundasérfræðinga og sameinist þar sérfræðingum í málþroska og læsi, stafrænni tækni, jafnréttis- og listfræðslu til stuðnings við starfsemi skóla- og frístundastarfs og starfsfólk þeirra. Mannauðs- og fjármálaþjónusta flytjast á hlutaðeigandi einingar á skrifstofu sviðsins og verði endurskipulögð. Nýtt skipurit og nánari útfærsla má sjá í greinargerð.

Borgarráð felur jafnframt sviðsstjórum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs að útfæra og innleiða breytt skipurit sviðanna, skipulag, verkaskiptingu og breytingar á mönnun þeirra í samræmi við ný skipurit og markmið breytinganna. Starfsemi nýrra eininga verði mótuð nánar, meðal annars út frá greiningu á þjónustupörf og á þeirri vinnu að vera lokið fyrir 1. janúar 2027. Sjá nánari útfærslu í greinargerð.

Greinargerð

Megintilgangur skipulagsbreytinganna er að einfalda stjórnkerfið, skýra ábyrgð, efla faglega stjórnun, draga úr kostnaði við yfirbyggingu, bæta nýtingu fjármuna og mannauðs. Breytingarnar snerta tæplega 400 starfsmenn á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Hagræðing er þannig mikilvægur þáttur breytinganna en jafnframt hluti af viðtækari markmiðum um skilvirkara skipulag, markvissari stjórnun og bætta þjónustu.

Samandregið fela breytingarnar í sér að 62,3 stöðugildi verða lögð niður, þar af 26,2 stjórnendastöðugildi. Þá taka 32 stöðugildi breytingum og 23 starfsmenn færast til í starfi. Af þeim stöðugildum sem lögð verða niður eru 16,7 á skóla- og frístundasviði og 45,6 á velferðarsviði. Samhliða breytingunum verða starfsheiti, stjórnunarstig og stjórnendaspönn samræmd eftir því sem við á milli velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.

Breytingarnar hafa jafnframt áhrif á nýtingu borgarinnar á húsnæði. Gert er ráð fyrir að leigusamningum vegna húsnæðis að Efstaleiti 1, Borgartúni 6, Álfabakka 10 og Þönglabakka 4 verði sagt upp. Við mat á hagræðingu vegna húsnæðis verður tekið tillit til kostnaðar sem kann að falla til vegna flutninga og breyttrar húsnæðisnotkunar, þar á meðal mögulegs aukins leigukostnaðar á nýjum starfsstöðvum.

Fjárhagsleg heildaráhrif breytinganna eru áætluð um 900 m.kr. á ársgrundvelli þegar þær hafa verið innleiddar að fullu. Þar er einkum um að ræða áhrif vegna fækkunar stöðugilda, breytinga á stjórnskipulagi og lægri húsnæðiskostnaðar.

Fjárheimildir verða færðar milli sviða, skrifstofa og annarra eininga í samræmi við nýtt skipulag og lækkaðar sem nemur þeirri hagræðingu sem breytingunum er ætlað að skila. Lækkun fjárheimilda kemur til framkvæmda eftir því sem breytingar taka gildi, stöðugildi eru lögð niður, húsnæði tekið úr notkun og skuldbindingum samkvæmt samningum lýkur.

Nákvæm fjárhagsleg útfærsla, skipting hagræðingar milli sviða og tímasetning breytinga á fjárheimildum verður útfærð við gerð fjárhagsáætlunar og eftir atvikum með sérstökum tilfærslum fjárheimilda milli sviða, skrifstofa og annarra eininga.



Tilfni og forsendur breytinga

Rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar kallar á markvissar breytingar á skipulagi og rekstri. Í forsendum fjárhagsáætlunar 2027 og tillögu um úthlutun fjárheimilda, sem kynntar voru í borgarráði 16. júlí sl., sem og fimm ára áætlun 2027–2031, er gert ráð fyrir að verðbólga verði áfram umfram verðbólgu markmið á tímabilinu, laun hækki um 6,5% árið 2027 og vaxtastig haldist hátt. Meginvextir Seðlabanka Íslands eru nú 8,0% og samkvæmt forsendunum er ekki gert ráð fyrir lækkun þeirra fyrr en í fyrsta lagi í ársbyrjun 2028.

Á sama tíma og þjónustupörf borgarbúa fer vaxandi stendur Reykjavíkurborg frammi fyrir takmörkuðu fjárhagslegu svigrúmi og verulegum áskorunum í rekstri. Við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 er útgjaldasvigrúm borgarsjóðs vegna nýrra verkefna neikvætt um 3,7 ma.kr., á sama tíma og helstu áskoranir í rekstri sviða og miðlægrar stjórnsýslu eru metnar á 5,9 ma.kr. Ljóst er því að nauðsynlegt rekstrarlegt svigrúm verður ekki eingöngu skapað með auknum fjárheimildum heldur þarf að leita þess með umbótum á núverandi rekstri með skýrari forgangsroðun verkefna, endurskipulagningu þjónustu og hagkvæmari nýtingu fjármuna.

Þessi staða kallar á einfaldara, skilvirkara og hagkvæmara stjórnkerfi og að leitað sé hagkvæmustu leiða við skipulag og framkvæmd þjónustu. Breytt skipulag þarf að styðja við sjálfbæran rekstur til lengri tíma, tryggja að fjármunum sé fyrst og fremst beint að lögbundinni grunnþjónustu og skapa svigrúm til nauðsynlegs viðhalds og uppbyggingar innviða borgarinnar. Jafnframt þarf að tryggja að breytingar á skipulagi styðji við gæði þjónustunnar, skýrari ábyrgðarskiptingu, betri nýtingu mannauðs og fjármuna borgarinnar.

Vinna að þeim breytingum sem hér eru lagðar til á sér þó lengri aðdraganda og byggir meðal annars á greiningarvinnu sem hófst árið 2024 í tengslum við úttekt á þjónustu við fatlað fólk. Sem hluti af þeirri vinnu var ráðist í umfangsmikla greiningu á skipulagi, starfsemi og framkvæmd þjónustu. Utanaðkomandi ráðgjafar tóku meðal annars viðtöl við starfsfólk og stjórnendur á miðstöðvum og öðrum starfsstöðvum borgarinnar, auk stjórnenda og starfsfólks miðlægrar stjórnsýslu í Borgartúni. Greiningarvinnan varpaði ekki aðeins ljósi á fyrirkomulag þjónustu við fatlað fólk heldur einnig á starfsemi miðstöðvanna almennt. Niðurstöður hennar urðu því mikilvægt innleg í áframhaldandi mat á skipulagi og framkvæmd þjónustu borgarinnar.

Tillögurnar sem hér eru lagðar fram eru í beinu samræmi við áherslur meirihluta borgarstjórnar. Í samstarfsyfirlýsingu meirihlutans kemur fram að brýnt sé að ráðast í róttækar breytingar á stjórnskipulagi og rekstri borgarinnar og nýta tíma og fjármuni betur með það að markmiði að bæta þjónustu. Á grundvelli þeirra áherslna skipaði borgarráð stýrihóp um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu, sbr. erindisbréf dags. 8. júní 2026. Markmið stýrihópsins er að gera stjórnsýslu borgarinnar, bæði miðlæga og á fag- og kjarnasviðum, skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði við yfirbyggingu og bæta nýtingu fjármuna með vel skilgreindum afmörkuðum og mælanlegum breytingum.

Veikleikar núverandi skipulags

Núverandi þjónustuskipulag og verkefni miðstöðva og frístundamiðstöðva eru að verulegu leyti skipulögð út frá landfræðilegri skiptingu, auk þess sem sérhæfð verkefni eins og Keðjan



og Virknihus eru í sérstökum einingum. Þjónusta við börn og fjölskyldur, getur til að mynda skipst milli velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og mismunandi fag- og þjónustueininga. Veikleikar núverandi skipulags einskorðast því ekki við fjórskiptingu miðstöðvanna heldur felast einnig í dreifingu skyldra verkefna og ábyrgðar milli eininga og sviða.

Þessi dreifing takmarkar heildaryfirsýn og gerir samræmda faglega og rekstrarlega stýringu flóknari. Þegar sambærilegir þjónustupættir eru reknir í mörgum einingum undir dreifðri forystu verður erfiðara að innleiða samræmda verkferla og fagleg viðmið, samræma forgangsroðun og nýta mannafla og sérþekkingu þvert á borgina. Það getur leitt til mismunandi verklags og þjónustuframkvæmdar milli hverfa og komið í veg fyrir að íbúum sé tryggt sambærilegt aðgengi og gæði í þjónustu, óháð búsetu. Verkefni Keðjunnar og Virknihúss eru jafnframt að hluta tengd eða samofin annarri starfsemi sviðanna, sem getur skapað skörun og gert hlutverk og ábyrgð óskýrari en æskilegt er.

Fagleg og fjárhagsleg stýring er að hluta aðskilin þannig að ábyrgð á faglegum ákvörðunum, rekstri og ráðstöfun fjármuna fer ekki alltaf saman. Það takmarkar möguleika til heildstæðrar stjórnunar, markvissrar forgangsroðunar og skýrrar ábyrgðar á árangri og kostnaði. Mælikvarðar á umfang, gæði og árangur þjónustunnar eru jafnframt takmarkaðir, sem gerir samanburð milli eininga og mat á þjónustupörf, biðtíma og árangri inngrípa erfiðari. Dreifing verkefna og ábyrgðar getur þannig hindrað yfirsýn, eftirlit og markvisst umbótastarf innan einstakra þjónustupátta.

Núverandi einingar eru auk þess ólíkar að stærð, umfangi verkefna, og þjónustupörf. Það dregur úr samanburðarhæfni þeirra á milli og getur leitt til ójafns álags og þjónustuframboðs milli borgarhluta. Fagþekking og mannauður dreifist jafnframt á margar einingar og smærri fagteymi verða viðkvæmari fyrir álagi, fjarvistum, manneklu og starfsmannabreytingum. Þetta takmarkar möguleika til sérhæfingar og sveigjanlegrar nýtingar mannauðs og getur meðal annars birst í rekstrarhalla, launakostnaði umfram áætlanir og takmarkaðri getu til að færa mannafla og fjármuni þangað sem þjónustupörfin er mest hverju sinni.

Óbreytt skipulag viðheldur þessum veikleikum. Fyrirhuguðum breytingum er ætlað að mæta þeim með einfaldara og skýrara stjórnskipulagi þar sem verkefni miðstöðva, frístundamiðstöðva, Keðjunnar og Virknihúss verða endurskipulögð og felld inn í stærri faglegar heildir á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Með því skapast betri forsendur til að samþætta faglega og rekstrarlega ábyrgð, byggja upp öflugri fagteymi, samræma þjónustu þvert á borgina og nýta mannauð og fjármuni með markvissari hætti. Markmiðið er að styrkja faglegt starf, auka gæði og jafnræði íbúa til þjónustu og auka rekstrarlega skilvirkni.

Tilgangur og markmið tillagna

Tillögurnar byggja á markmiðum stýrihópsins og fela í sér breytingar á skipulagi og rekstri sem ætlað er að skila mælanlegum árangri. Markmiðið er að einfalda stjórnskipulag, efla faglega sérhæfingu, bæta þjónustu við borgarbúa og ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri, án þess að dregið sé úr áherslu á aðgengi og gæði þjónustunnar. Í stað þess að þjónusta ráðist af landfræðilegri hverfaskiptingu verði hún skipulögð út frá þörfum notenda og eðli viðfangsefna. Fagþekking hvers málaflokks verði þannig sameinuð í stærri og öflugri teyimum, ábyrgð skýrð og samræmi í þjónustu aukið þvert á borgina. Með tillögunum er



unnið að undirmarkmiðum erindisbréfsins um aukna skilvirkni, lægri kostnað, gagnsæi, valfrelsi, þjónustu, mannvirðingu og árangur.

Leiðarljósið er að rétt þjónusta sé veitt á réttum tíma, óháð búsetu. Með öflugri almennri og snemmtækri þjónustu verði leitast við að bregðast fyrir við þörfum íbúa og draga eftir föngum úr þörf fyrir umfangsmeiri og kostnaðarsamari sértæk úrræði. Stærri fagteymi skapa jafnframt betri forsendur fyrir þekkingarmiðlun, faglegan stuðning og starfsþróun, sem stuðlar að auknum gæðum þjónustu og betra starfsumhverfi.

Fjárhagslegt markmið breytinganna er að nýta mannafla, húsnæði og aðra fjármuni borgarinnar betur, draga úr tvíverknaði og fækka stjórnunar- og rekstrareiningum. Með samræmdara skipulagi, stærri einingum og skýrari verkaskiptingu skapast forsendur til að lækka stjórnunarkostnað, auka framleiðni og verja stærri hluta fjármuna í beina þjónustu við íbúa. Jafnframt er markmiðið að styrkja kostnaðarstýringu og stuðla að sjálfbærari rekstri til lengri tíma.

Sambætt þjónusta við börn og fjölskyldur – áframhaldandi þróun og skýrari verkaskipting

Breytingarnar byggja áfram á þeim meginmarkmiðum sem sett voru fram í verkefninu Betri borg fyrir börn (BBB): að færa þjónustu nær börnum og fjölskyldum, veita viðeigandi stuðning eins snemma og kostur er og efla samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Jafnframt var lögð áhersla á að styrkja stuðning við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun nær vettvangi. Þessi markmið standa óbreytt þótt skipulagsleg umgjörð þjónustunnar breytist.

Í stað þess að byggja þjónustuna á BBB sem sérstöku verkefni innan fjögurra miðstöðva verður innleiðing laga nr. 86/2021 um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna meginrammi samstarfs sviðanna, samhliða samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um farsæld barna. Með því er stefnt að samræmdu verklagi, sameiginlegum mælikvörðum og sambættri þjónustu við börn og fjölskyldur óháð búsetu.

Verkaskipting skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs verður jafnframt skýrari. Einstaklingsmiðuð þjónusta við börn, m.a. þjónusta talmeinafræðinga, þroskaþjálfra, farteyma og hegðunarráðgjafa, flyst frá skóla- og frístundasviði til skrifstofu barna- og fjölskyldumála á velferðarsviði. Þar verður ábyrgð á þeim hluta skólaþjónustu sem snýr að stuðningi við börn og foreldra þeirra. Með því verður þjónusta við barnið og fjölskyldu þess betur sambætt, boðleiðir stytta og samfella í eftirfylgni styrkist.

Sá hluti skólaþjónustu sem snýr að faglegum stuðningi við starfsemi leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva og starfsfólk þeirra verður hins vegar áfram á skóla- og frístundasviði, innan breyttrar skrifstofu skóla- og frístundaþjónustu. Með þessu verða til öflugri fagteymi sem styðja með samræmdum hætti við starfsemi og starfsfólk á vettvangi. Nánar er gerð grein fyrir þessari verkaskiptingu í 2. og 3. kafla hér á eftir.

Samhliða þessu færist ábyrgð á skóla- og frístundaþjónustu frá núverandi fagstjórum leik- og grunnskóla og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva. Í nýju skipulagi verða þeir deildarstjórar á fagskrifstofum viðkomandi málaflokka og næstu yfirmenn stjórnenda á



vettvangi. Markmiðið er að styrkja faglega stjórnun og stuðning við stjórnendur leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva og skapa skýrari tengingu milli vettvangs og fagskrifstofa sviðsins.

Til að tryggja samfellu milli þessara þátta þjónustunnar verður komið á formlegu fagraði með fulltrúum skrifstofu barna- og fjölskyldumála, skóla- og frístundaþjónustu og skrifstofa leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála. Fagraðið hefur það hlutverk að stuðla að samræmingu þjónustunnar og fjalla reglulega um þjónustupörf, forgangs röðun, mælikvarða og þróunarverkefni.

Breytingarnar styðja þannig við markmið um samræmdara verklag, styttri boðleiðir, aukna skilvirkni og jafnt aðgengi að vandaðri þjónustu óháð búsetu. Jafnframt styrkja þær fagteymi til að mæta vaxandi og flóknari þjónustupörf og styðja við innleiðingu mennta- og velferðarstefnu borgarinnar. Skipulagsbreytingarnar og sú hagræðing sem þeim fylgir eru því ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að styrkja þjónustu við börn og fjölskyldur, efla stuðning við starfsfólk og stuðla að jafnræði, gæðum og farsæld.

Aðgengi að þjónustu og nærþjónusta

Markmiðið er ekki að færa þjónustuna frá vettvangi heldur að leiða saman sérfræðipækkingu starfsfólks svo hún geti nýst betur í þjónustu við íbúa. Nærþjónusta er þjónusta sem veitt er í nærumhverfi íbúa eða með þeim hætti að hún sé aðgengileg, en hugtakið snýst ekki um að starfsemin sé að öllu leyti staðsett í hverfinu eða í tilteknum borgarhluta. Áfram verður unnið að því að veita íbúum nærþjónustu þar sem hennar er þörf. Þjónustan fer fram í hverfunum, í skólum og í frístundastarfi eftir sem áður, en að baki henni stendur öflugri fagleg umgjörð.

Aðgengi að rafrænni þjónustu Reykjavíkurborgar hefur verið eftt umtalsvert á undanförunum árum og útbreiðsla rafrænna skilríkja er yfir 95% meðal þeirra sem eru 13 ára og eldri með íslenska kennitölu. Nýleg þjónustukönnun velferðarsviðs sýnir að um 65% svarenda kjósa að eiga rafræn samskipti vegna þjónustu, eftir að hún er komin á.

Meginstarfsstöðvar starfsfólks barna- og fjölskylduþjónustu og skóla- og frístundaþjónustu verða í Borgartúni 12–14 og Ármúla 4 og starfsfólks félags- og húsnæðisþjónustu að Bíldshöfða 20. Þeir íbúar sem það kjósa, eða hafa ekki sama aðgengi að rafrænni þjónustu og aðrir, geta frá áramótum áfram sótt þjónustu Reykjavíkurborgar á þessar starfsstöðvar. Þar til breytingarnar hafa komið að fullu til framkvæmda verður aðgengi að þjónustu óbreytt frá því sem nú er. Þá verður húsnæði í eigu eða leigu borgarinnar í nærumhverfi íbúa – leik- og grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, bókasöfn og aðrar starfsstöðvar – nýtt betur til þjónustu í hverfum.

Ríka áherslu ber að leggja á að nýtt stjórnskipulag endurspegli gæði í þjónustu við íbúa og að áfram sé unnið með sérstöðu hverfa eftir því sem við á. Með skýrari verkaskiptingu og aukinni sérhæfingu skapast grundvöllur fyrir sterkari tengsl við íbúa, betri skilningur á þjónustupörfum þeirra og öflugri faglegur stuðningur við starfsfólk á vettvangi.

Góð reynsla er af þjónustu sem skipulögð er þvert á borgina. Sama gildir um umbótaverkefni sem unnin hafa verið í samstarfi rafrænnar miðstöðvar, skrifstofa og



miðstöðva, svo sem um miðlæga símsvörun og þróun í velferðartækni og fjarþjónustu. Þessi verkefni hafa aukið skilvirkni án þess að draga úr þjónustu og sýna að miðlæg umgjörð og nærþjónusta fara vel saman.

Málaflokkur fatlaðs fólks var í ársbyrjun 2025 fluttur frá miðstöðvum yfir á miðlæga skrifstofu með það að markmiði að auka yfirsýn, bæta verklag og vinna að umbótum í rekstri og gæðum þjónustu. Samkvæmt nýlegri samantekt hefur þegar náðst góður árangur í umbótum á verklagi og í faglegri sérhæfingu. Stjórnendur málaflokksins upplifa einnig jákvæða breytingu varðandi faglegan stuðning og umbótastarf, sem eru mikilvægar forsendur þess að vinna að markmiðum um hagkvæmari rekstur og gæði þjónustu.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir tillögunum og fyrirhugaðri útfærslu þeirra.

1. Niðurlagning starfseininga og nýtt þjónustuskipulag

Lagt er til að breytingar verði gerðar á skipulagi þjónustu í hverfum borgarinnar samhliða gildistöku nýrra skipurita velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs 1. september 2026. Í því felst að núverandi skipulagseiningar, þ.e. Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Suðurmiðstöð, frístundamiðstöðvarnar Brúin, Kringlumýri, Miðberg og Tjörnin, auk Keðjunnar og Virkni húss, verði lagðar niður í núverandi mynd.

Breytingarnar fela ekki í sér að sú þjónusta sem þessar einingar sinna verði lögð niður. Verkefni og þjónusta þeirra verði þess í stað færð undir nýtt skipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs og eftir atvikum endurskipulögð. Starfsemin verði þannig skipulögð út frá tegund þjónustu, faggreinum og þjónustupörfum í stað núverandi landfræðilegrar hverfaskiptingar. Í köflum 2 og 3 er gerð grein fyrir fyrirhuguðu skipulagi og meginatriðum þess. Útfærsla á ábyrgð, verkefnaskipan og þjónustufyrirkomulagi verður unnin áfram í breytinga- og innleiðingarferlinu á grundvelli fyrirhugaðs skipurits.

Samhliða verði starfsemi Alþjóðateymis og verkefni þess lögð niður.

Helstu starfsstöðvar samkvæmt nýju skipulagi verði í Borgartúni 12–14 fyrir skóla- og frístundaþjónustu og stoðþjónustu hennar, þ.e. stjórnsýslu-, mannauðs- og fjármálaþjónustu. Þar verði einnig stoðskrifstofur velferðarsviðs (stjórnsýslu-, mannauðs- og fjármálaþjónusta) ásamt skrifstofu barna- og fjölskyldumála en hluti hennar verði einnig staðsettur í Ármúla 4 (barnavernd), skrifstofu öldrunarmála en hluti hennar verði einnig í Lág múla 4 og Höfðabakka 9a (heimaþjónustan) og skrifstofu málefna fatlaðs fólks en hluti hennar verður jafnframt staðsettur í Bíldshöfða 20 (ráðgjöfin) en þar verður skrifstofa félags- og húsnæðismála jafnframt staðsett.

Breytingarnar skapa aukin tækifæri til samhæfingar milli velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs og styrkja faglega stýringu þjónustunnar. Með skýrari ábyrgð og heildstæðara skipulagi skapast betri forsendur til að samræma verklag, forgangsraða verkefnum, nýta mannauð með markvissari hætti og efla sérþekkingu þvert á borgina. Þjónustan verður áfram veitt á vettvangi og í nærumhverfi íbúa eftir því sem við á. Breytingarnar snúa því fyrst og fremst að skipulagi, stjórnun og faglegri umgjörð þjónustunnar, án þess að dregið sé úr mikilvægi nærþjónustu við íbúa.



Samhliða skipulagsbreytingunum verða þjónustuleiðir íbúa skýrðar og einfaldaðar þannig að fyrsta snerting við borgina verði óháð innra skipulagi sviðanna. Íbúar geta áfram leitað eftir þjónustu með rafrænum hætti, í síma eða með því að mæta á þjónustustaði borgarinnar. Áætlað er að þjónusta verði á miðstöðum til 31. desember 2026 en frá 1. janúar 2027 í Borgartúni 12-14 og Bíldshöfða 20. Við fyrstu snertingu verður erindið metið og því beint til viðeigandi þjónustueininga eða fagaðila eftir eðli og þjónustupörf, fremur en eftir búsetu. Markmiðið er að íbúar þurfi ekki að þekkja stjórnskipulag borgarinnar til að fá rétta þjónustu og einnig að tryggja skýrar þjónustuleiðir, samræmda móttöku erinda og greiða leið íbúa að viðeigandi þjónustu.

Fjárhagsleg áhrif: Áætluð áhrif vegna húsnæðiskostnaðar er um 160 m.kr. á ársgrundvelli þegar innleiðingu er að fullu lokið. Nákvæmari fjárhagsleg útfærsla verður lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar.

2. Nýtt stjórnskipulag velferðarsviðs


Lagt er til að farið verði í eftirfarandi breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs:

- a) Þjónusta sviðsins verði skipulögð í fjórum fagskrifstofum sem heyra undir sviðsstjóra: skrifstofa barna- og fjölskyldumála, skrifstofa félags- og húsnæðismála, skrifstofa öldrunarmála og skrifstofa málefna fatlaðs fólks.
- b) Skrifstofustjórar fari með þrípætta ábyrgð: faglega, rekstrarlega og mannauðstengda, á sínum málaflökki og verði næstu yfirmenn deildarstjóra.
- c) Barnavernd verði deild innan skrifstofu barna- og fjölskyldumála og fari áfram með lögbundnar valdheimildir sínar.
- d) Keðjan verði lögð niður sem sjálfstæð eining og verkefni hennar færð undir skrifstofu barna- og fjölskyldumála.
- e) Virknihús verði lagt niður og þjónustan færð undir skrifstofu félags- og húsnæðismála.
- f) Alþjóðateymi og verkefni þeirra verða lögð niður.
- g) Framkvæmdastjórn velferðarsviðs verði skipuð átta manns í stað tólf. Hana skipa ásamt sviðsstjóra: fjórir fagskrifstofustjórar, skrifstofustjóri stjórnsýslu, skrifstofustjóri fjármála og reksturs og skrifstofustjóri mannauðsmála.
- h) Starfsheiti stjórnenda verði einfölduð og samræmd milli sviða - sviðsstjóri – skrifstofustjóri – deildarstjóri – teymisstjóri.
- i) Alls verði 45,6 stöðugildi lögð niður og 21 stöðugildi fá breytt hlutverk.

Markmið tillögunnar er að auka yfirsýn, efla sérhæfingu og fagmennsku, styrkja faglegt starfsumhverfi og bæta þjónustu við íbúa Reykjavíkurborgar. Þeir málaflokkar sem verið hafa á miðstöðvunum færast yfir á nýjar einingar sem skipulagðar eru eftir viðfangsefni fremur en hverfum. Þannig sameinast fagþekking hvers málaflökks á einum stað, ábyrgð skýrist og unnt verður að mynda stærri og sérhæfðari teymi. Áfram verði lögð áhersla á nærþjónustu við íbúa með sveigjanlegri staðsetningu starfsfólks í nærumhverfi þeirra.



Nýtt skipurit velferðarsviðs tekur gildi frá og með 1. september.



Skrifstofa barna- og fjölskyldumála

Undir skrifstofuna heyri öll þjónusta við börn og fjölskyldur, byggð upp í þjónustuprepum. Með breytingunni verði þjónusta við börn og fjölskyldur samþætt frekar á einum stað og fagleg- og rekstrarleg ábyrgð og stjórnun hennar skýrð.

Stjórnsýsla málaflokksins verður í Borgartúni 12–14 ásamt starfsfólki sem sinnir gæðamálum og stjórnsýslu, en þjónusta við íbúa er á tveimur megin starfsstöðvum (Borgartúni 12-14 og Ármúla 4). Alls tilheyra 16 starfsstöðvar um alla borg skrifstofunni. Undir skrifstofustjóra starfa fimm deildarstjórar:

- Fyrsta stigs þjónusta – ráðgjöf og stuðningur til barna og fjölskyldna og til leikgrunnskóla og frístundastarfs, veitt af þverfaglegum teymum sérfræðinga.
- Annars stigs þjónusta – fjölskylduvinna og frumgreiningar og frekara mat, unnin af þverfaglegum teymum sérfræðinga.
- Þriðja stigs þjónusta – barnavernd, sem verður áfram staðsett í Ármúla og fer með lögbundnar valdheimildir sínar.
- Stuðningsþjónusta – stuðningur byggir á mati og getur verið eftirfarandi; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, námskeið, hópastarf fyrir 6-18 ára, stuðningsfjölskyldur frá 0-18 ára, unglingasmiðjur, PMTO og Púlsinn (verkefni sem áður voru hjá Keðjunni).
- Barnaúrræði – heimili og skammtímadvalir fyrir fötluð börn og börn með miklar proska- og eða geðraskanir. Úrræði eru staðsett víðsvegar um borgina.

Öll þjónusta við börn og fjölskyldur, þar á meðal barnavernd og verkefni Keðjunnar, heyri undir einni stjórnanda. Mál verði unnin í þverfaglegum teymum þvert á svið og aðrar stofnanir. Það styður samþættingu þjónustu fyrir börn og fjölskyldur, einfaldar boðleiðir og



bætir flæði mála milli þjónustustiga. Nýtt stjórnendateymi barna- og fjölskylduþjónustu, skipað skrifstofustjóra og fimm deildarstjórum, er ætlað að styrkja málaflokkinn í heild.

Starfsemi nýrrar skrifstofu verður mótuð nánar út frá þjónustupörf.

Komið verði á fót formlegu fagráði fulltrúa skóla- og frístundaþjónustu, skrifstofum leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála og skrifstofu barna- og fjölskyldumála til að tryggja samfellu í þjónustu til barna og fjölskyldna og farið reglulega yfir þjónustupörf, forgangs röðun, mælikvarða og þróunarverkefni.

Skrifstofa félags- og húsnæðismála

Undir skrifstofuna heyrir ráðgjafarþjónusta, félags- og húsnæðisþjónusta og virkniþjónusta. Stjórnsýsla málaflokksins verður í Borgartúni 12–14 en þjónustukjarni verður að Bíldshöfða 20, þar sem Austurmiðstöð er nú til húsa. Alls tilheyra um 15 starfsstöðvar um alla borg skrifstofunni. Undir skrifstofustjóra starfa fjórir deildarstjórar:

- Móttaka – fyrsta snerting í velferðarþjónustu. Rafræn móttaka og móttaka í þjónustuskála. Sameiginleg móttaka fyrir allar umsóknir um þjónustu velferðarsviðs, þ.m.t tilvísanir vegna þjónustu við börn. (Verkefni sem áður voru á rafrænni miðstöð, en hún var endurskipulögð sem deild á Vesturmiðstöð á fyrri hluta árs 2025). Móttakan sinnir einnig vakthafandi þjónustu. Unnið verði nánar með tengingar við framlínupjónustu Reykjavíkurborgar í þjónustuveri undir stjórn þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) í Borgartúni 12-14 með sameiningu eða náð samstarf í huga. Símsvörun fyrir miðstöðvar er nú þegar sinnt af þjónustuveri PON.
- Húsnæðismál – þarfagreining, mat og úthlutun húsnæðis á grundvelli húsnæðisumsókna og aðrar stjórnsýsluákvæðanir er varða húsnæðismál. Utanumhald um uppbyggingaráætlun sértækra búsetuúrræða í samvinnu við Félagsbústaði, HMS og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Rekstur og samstarf vegna áfangaheimila.
- Ráðgjöf – til að styðja fólk til virkni, sjálfstyrkingar og þátttöku í samfélaginu. Starfandi verða teymi öldrunarráðgjafar, fötlunarráðgjafar, almennrar ráðgjafar, virkni og ráðgjafar við innflytjendur. Rekstur þriggja starfsstöðva heyrir hér undir sem og verkefni Virknihúss.
- VoR-teymi og starfsstöðvar – þjónusta við heimilislausa og fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. Rekstur sjö starfsstöðva heyrir hér undir auk húsnæði fyrst-úrræða (e. housing first).

Skrifstofa öldrunarmála

Undir skrifstofuna heyrir þjónusta við eldra fólk, öll heimaþjónusta – bæði heimastuðningur og heimahjúkrun – og önnur heilbrigðisþjónusta. Stjórnsýsla málaflokksins verður í Borgartúni 12–14 en þjónustan er skipulögð frá fjórum megin starfsstöðvum og alls tilheyra um 23 starfsstöðvar skrifstofunni. Undir skrifstofustjóra starfa fimm deildarstjórar sem fara með heimaþjónustu norðvestur, heimaþjónustu suðaustur, þjónustuíbúðir og þjónustuíbúðakjarna, hjúkrunarheimili og dagdvalir, auk nýrrar deildar um félagsstarf eldra



fólks, matarþjónustu, forvarnir og félagsauð. Sú deild ber ábyrgð á öllum 16 félagsmiðstöðvum borgarinnar og er myндуð utan um verkefni sem ekki eiga samastað annars staðar í nýju skipulagi. Sérteymi heimaþjónustu og fjarheilbrigðisþjónusta starfa áfram sem sérstök starfseining.

Skrifstofa málefna fatlaðs fólks

Málaflokkur fatlaðs fólks hefur þegar verið færður á miðlæga fagskrifstofu og er því fyrirmynd að þeirri nálgun sem hér er lögð til. Skipulag skrifstofunnar helst óbreytt í meginatriðum með skrifstofustjóra og fimm deildarstjórum, en starfsheiti og stjórnendaspönn verða samræmd við aðrar fagskrifstofur sviðsins.

Skrifstofa fjármála og reksturs

Skrifstofa fjármála og reksturs hefur yfirumsjón með fjármálum og rekstri á velferðarsviði og veitir ráðgjöf vegna fjármála og reksturs. Þjónustan sér um gerð fjárhagsáætlunar, eftirlit, uppgjör og frávíkagreiningar og eftirfylgni með mánaðaruppgjörum. Fjármálaþjónusta sem veitt var á miðstöðvunum færir til skrifstofu fjármála og reksturs og verður endurskipulögð.

Hlutverk skrifstofa stjórnsýslu og mannauðs er óbreytt.

Alþjóðateymi

Alþjóðateymi og verkefni þess verða lögð niður um áramót samhliða því að samningur Reykjavíkurborgar um samræmda móttöku flóttafólks rennur út. Verkefnið er ekki lögbundið verkefni heldur er það unnið á grundvelli samnings Reykjavíkurborgar við ríkið. Óvissa ríkir um áframhaldandi fyrirkomulag verkefnisins eftir að núverandi samningur rennur út og ríkið hefur ekki lýst yfir vilja til að endurnýja samninginn við Reykjavíkurborg.

Fjárhagsleg áhrif: Áætluð nettó hagræðing vegna breytinganna á velferðarsviði nemur um 440 m.kr. á ársgrundvelli þegar breytingarnar hafa verið innleiddar að fullu, í þeirri upphæð er gert ráð fyrir að fjárframlag frá ríkissjóði vegna samræmdrar móttöku flóttafólks falli niður, en Alþjóðateymið hefur verið rekið alfarið með því fjárframlagi. Til viðbótar kemur húsnæðissparnaður sem gerð er grein fyrir í 1. kafla. Stöðugildi vegna einstaklingsþjónustu við börn og fjölskyldur flytjast til velferðarsviðs frá skóla- og frístundasviði. Nákvæmari fjárhagsleg útfærsla verður lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar og með sérstökum tilfærslum fjárheimilda milli sviða.

3. Nýtt stjórnskipulag skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að farið verði í eftirfarandi breytingar á stjórnskipulagi skóla- og frístundasviðs:

- a. Miðstöðvar Reykjavíkurborgar: Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Suðurmiðstöð, og frístundamiðstöðvar Reykjavíkurborgar: Brúin, Kringlumýri, Miðberg og Tjörnin, verði lagðar niður og starfsemi þeirra færð undir nýtt skipulag skóla- og frístundasviðs sem byggir á þjónustupörf og faggreinum í stað landfræðilegrar hverfaskiptingar.
- b. Fagleg forysta fagstjóra leikskóla færir inn á skrifstofu leikskólamála, fagstjóra grunnskóla inn á skrifstofu grunnskólamála og framkvæmdastjóra




frístundamiðstöðva inn á skrifstofu frístundamála. Stöðuheitum verður breytt í deildarstjóra. Byggt verður á þrípættu hlutverki stjórnenda samkvæmt stjórnendastefnu borgarinnar, fagleg ábyrgð, mannauðsábyrgð og fjármálaábyrgð.

- c. Skrifstofa nýsköpunar og þróunar sem starfar þvert á starfsemi leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála, fær nýtt heiti – skóla- og frístundapjónusta. Til skrifstofunnar flytji af miðstöðvum stöðugildi kennsluráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, daggæsluráðgjafa og breytt störf deildarstjóra barna- og unglingastarfs sem verða sérfræðingar í frístundastarfi og sameinast þar sérfræðingum í málþroska og læsi, stafrænni tækni, jafnréttis- og listfræðslu til stuðnings við starfsemi skóla- og frístundastarfs og starfsfólk þeirra. Starfsemi skrifstofunnar verður endurskipulögð í samræmi við þjónustubarfir.
- d. Öll einstaklingsþjónusta við börn og fjölskyldur sem veitt hefur verið á skóla- og frístundapjónustu miðstöðva, þ.e. stöðugildi talmeinafræðinga, þroskaþjálfara, hegðunarráðgjafa og farteyma, færast til skrifstofu barna- og fjölskyldumála á velferðarsviði og verður endurskipulögð. Sjá nánar í umfjöllun um skipulag velferðarsviðs.
- e. Mannauðs- og fjármálaþjónusta sem veitt var frá miðstöðvunum færast á hlutaðeigandi einingar á skrifstofu sviðsins og verður endurskipulögð.
- f. Alls verði 16,7 stöðugildi lögð niður og 11 stöðugildi fá breytt hlutverk.

Markmið tillögunnar er að sameina faglega forystu og stoðþjónustu, sem áður dreifðist á miðstöðvarnar eftir hverfum, á miðlægum skrifstofum eftir faggreinum, einfalda stjórnskipulag og skýra verkaskiptingu milli sviða um þjónustu við börn.

Nýtt skipurit skóla- og frístundasviðs tekur gildi frá og með 1. september 2026



Skrifstofa leikskólamála

Skrifstofan stýrir verkefnum tengdum þróun leikskólastarfs í Reykjavík. Hún tekur virkan þátt í stefnumótun, stjórnun, eftirliti, ráðgjöf og stuðningi við leikskóla með það að markmiði að tryggja gæði og framfarir í starfseminni.



Skrifstofustjóri skrifstofu leikskólamála stýrir málaflokknum. Fagleg forysta leikskólamála er flutt frá miðstöðvum inn á skrifstofu leikskólamála. Stöðugildi fagstjóra verða þrjú og starfsheitinu breytt í deildarstjóra. Deildarstjórar bera í nýju skipulagi fag-, mannauðs, og fjármálaábyrgð á leikskólum borgarinnar skv. skiptingu þar um en ábyrgð á skólaþjónustu færist til nýrrar einingar skóla- og frístundaþjónustu (áður skrifstofa nýsköpunar og þróunar).

Skrifstofa grunnskólamála

Skrifstofan stýrir verkefnum tengdum þróun grunnskólastarfs í Reykjavík. Hún tekur virkan þátt í stefnumótun, stjórnun, eftirliti, ráðgjöf og stuðningi við grunnskóla með það að markmiði að tryggja gæði og framfarir í menntun barna og ungmenna.

Skrifstofustjóri skrifstofu grunnskólamála stýrir málaflokknum. Fagleg forysta grunnskólamála er flutt frá miðstöðvum inn á skrifstofu grunnskólamála. Stöðugildi fagstjóra verða tvö og starfsheitinu breytt í deildarstjóra. Deildarstjórar bera í nýju skipulagi fag-, mannauðs, og fjármálaábyrgð á grunnskólum borgarinnar skv. skiptingu þar um en ábyrgð á skólaþjónustu færist til nýrrar einingar skóla- og frístundaþjónustu (áður skrifstofa nýsköpunar og þróunar).

Skrifstofa frístundamála

Skrifstofan stýrir verkefnum tengdum þróun frístundastarfs í Reykjavík. Hún tekur virkan þátt í stefnumótun, stjórnun, eftirliti, ráðgjöf og stuðningi við frístundaheimili og félagsmiðstöðvar með það að markmiði að tryggja gæði og framfarir í menntun og frístundum og félagsstarfi barna og ungmenna.

Skrifstofustjóri skrifstofu frístundamála stýrir málaflokknum. Fagleg forysta frístundamála er flutt frá miðstöðvum inn á skrifstofu frístundamála. Stöðugildi framkvæmdastjóra verða tvö og starfsheitinu breytt í deildarstjóra. Deildarstjórar bera í nýju skipulagi fag-, mannauðs, og fjármálaábyrgð á frístundastarfsemi borgarinnar skv. skiptingu þar um. Breytt störf deildarstjóra barna- og unglingastarfs sem verða sérfræðingar í frístundastarfi verða á nýrri einingu skóla- og frístundaþjónustu (áður skrifstofa nýsköpunar og þróunar).

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Fjármálaþjónusta hefur yfirumsjón með fjármálum og rekstri skóla- og frístundasviðs og veitir ráðgjöf vegna fjármála og reksturs. Þjónustan sér um gerð fjárhagsáætlunar, eftirlit, uppgjör og frávikagreiningar og eftirfylgni með mánaðaruppgjörum. Fjármálaþjónusta sem veitt var frá miðstöðvunum færist til fjármálaþjónustu á skrifstofu sviðsins og verður endurskipulögð.

Mannauðsþjónusta

Mannauðsþjónustan hefur umsjón og eftirlit með mannauðsmálum sviðsins. Þar undir falla launa- og kjaramál, samskipti við stéttarfélög, ráðgjöf í mannauðsmálum til stjórnenda, vinnustaðagreiningar, inngrip vegna samskipta- og vinnustaðamenningar, stefnumótun, öryggis- og vinnuverndarmál, eineltis- og áreitnimál, handleiðsla, móttaka nýrra starfsmanna og stjórnenda og fleira.



Mannauðspjónusta sem veitt var frá miðstöðvunum færist til mannauðspjónustu á skrifstofu sviðsins og verður endurskipulögð.

Miðlæg skóla- og frístundapjónusta

Nýsköpun og þróun fær breytt hlutverk og verður nafni einingarinnar breytt í skóla- og frístundapjónustu. Sérfræðingar skóla- og frístundapjónustu á miðstöðvunum – kennsluráðgjafar, sérkennsluráðgjafar, daggæsluráðgjafar og breytt störf deildarstjóra barna- og unglingastarfs sem verða sérfræðingar í frístundastarfi, færast í þá þjónustueiningu sem starfar þvert á skrifstofur sviðsins og þjónustar vettvanginn. Á skrifstofunni eru þegar einingar sem veita skóla- og frístundapjónustu – þ.e. Miðja máls og læsis, Mixtúra og Jafnréttisskólinn – og miðlæg skóla- og frístundapjónusta fellur því vel að starfsemi skrifstofunnar. Þjónustan verði áfram veitt á vettvangi; miðlæg staðsetning snýr að stjórnun, samræmingu og samfelli þjónustu, forgangsörðun og faglegum stuðningi.

Starfsemi nýrrar skrifstofu verður mótuð nánar út frá greiningu á þjónustupörf. Komið verði á fót formlegu fagraði fulltrúa skóla- og frístundapjónustu, skrifstofum leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála og skrifstofu barna- og fjölskyldumála til að tryggja samfelli í þjónustu til barna og fjölskyldna, að fara reglulega yfir þjónustupörf, forgangsörðun, mælikvarða og þróunarverkefni. Reglugerð nr. 444/2019 um skólapijónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla veitir sveitarfélögum svigrúm til að ákveða fyrirkomulag skólapijónustu, enda sé tryggt að nemendur, foreldrar, skólar og starfsfólk hafi aðgang að viðeigandi þjónustu. Reglugerðin leggur áherslu á heildarsýn, þverfaglega þekkingu, snemmtækan stuðning, forvarnir og að sérfræðiþekking nýtist sem best í skólastarfi. Áhersla hennar á heildarsýn styður miðlæga yfirsýn og samræmda forgangsörðun, og hún útilokar ekki að stjórnun, fagleg forysta og samhæfing séu miðlæg þótt þjónustan fari fram á vettvangi skóla.

Þjónusta, verklag og viðmið verða samræmd óháð borgarhlutum og samfella styrkist þegar sömu fagteymi vinna þvert á hverfi, skólastig og frístundastarf. Stærri fagteymi skapa meiri sérhæfingu, draga úr varnarleysi lítilla teyma og gera auðveldara að bregðast við álagi, veikindum og mönnunarvanda og sérþekking nýtist þvert á borgina. Betri yfirsýn fæst yfir mál, þjónustupörf, bið og álag, ábyrgð verður skýrari, boðleiðir styttri og tvíverknaður minnkar. Skipulagið styður jafnframt betur við innleiðingu á samþættingu þjónustu fyrir börn með skýrari ferlum, hlutverkum og mælikvörðum.

Hlutverk skrifstofu stjórnsýslu gagna og gæða og lögfræðiþjónustu er óbreytt.

Fjárhagsleg áhrif: Áætluð hagræðing vegna breytinganna á skóla- og frístundasviði er um 300 m.kr. á ársgrundvelli þegar innleiðingu er að fullu lokið. Til viðbótar kemur húsnæðissparnaður sem gerð er grein fyrir í 1. kafla. Stöðugildi vegna einstaklingsþjónustu við börn og fjölskyldur flytjast til velferðarsviðs frá skóla- og frístundasviði. Nákvæmari fjárhagsleg útfærsla verður lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar og með sérstökum tilfærslum fjárheimilda milli sviða.

Stjórnskipulag og verkefnastjórn innleiðingar

Innleiðing breytinganna byggir á skýrri ábyrgð og verkaskiptingu. Sviðsstjórar velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs bera ábyrgð á að útfæra og innleiða breytingar á skipulagi, verkaskiptingu og mönnun sviðanna í samræmi við ný skipurit og markmið breytinganna.



Stýrihópur, verkefnastjóri, verkefnahópur og sértækir vinnuhópar styðja við og samhæfa innleiðinguna.

Stýrihópur

Stýrihópur hefur yfirumsjón með innleiðingu breytinganna og tryggir samhæfingu milli sviðanna. Hópurinn fylgist með framvindu verkefnisins og tekur afstöðu til sameiginlegra álitaefna sem upp koma við útfærslu og innleiðingu breytinganna.

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri umbóta og forgangsverkefna er verkefnastjóri breytinganna og ber ábyrgð á samhæfingu og eftirfylgni verkefnisins. Verkefnastjóri heldur utan um verkefna- og tímaáætlun, leiðir verkefnahóp og samhæfir vinnu einstakra vinnuhópa.

Verkefnahópur

Verkefnahópur vinnur undir stjórn verkefnastjóra og styður sviðsstjóra við útfærslu og innleiðingu breytinganna. Hópurinn samhæfir verkþætti milli sviðanna, fylgir eftir tímaáætlun og undirbýr sameiginleg álitaefni til úrlausnar.

Mannauðshópur

Mannauðshópur samhæfir mannauðsmál sem leiða af breytingunum, þar á meðal breytingar á störfum, mönnun, tilfærslu starfsfólks og að uppbygging á nýju skipulagi sé í takt við stjórnendastefnu Reykjavíkurborgar. Hópurinn tryggir jafnframt samræmt verklag við framkvæmd breytinganna.

Húsnæðishópur

Húsnæðishópur samhæfir húsnæðismál sem leiða af breytingunum, þar á meðal framtíðarnýtingu húsnæðis, staðsetningu starfsemi og nauðsynlega flutninga. Áhersla er lögð á hagkvæma nýtingu húsnæðis samhliða því að tryggja aðgengi að þjónustu og nærþjónustu.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Fylgiskjal: Kynningarglærur Reykjavíkurborgar



REYKJAVÍKURBORG

Skipulagsbreytingar velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs

Nýtt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs — þjónusta skipulögð eftir þjónustubörf og faggreinum í stað hverfaskiptingar.

4 → 0

miðstöðvar

62,3

stöðugildi lögð niður

~900 m.kr.

árleg áhrif

Kynning fyrir borgarráð

Tillaga stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar · 24. ágúst 2026 · Gildistaka 1. september 2026

Þrír hlutar

Formaður stýrihóps fer yfir tillöguna og áhrif hennar. Sviðsstjórar kynna því næst útfærslu á sínu sviði.

1. HLUTI

Tillagan, rökstuðningur og áhrif

Róbert, formaður stýrihóps

Tilfni og forsendur breytinganna, veikleikar núverandi skipulags, markmið, fjárhagsleg áhrif, áhrif á stöðugildi og húsnæði, nærþjónusta og innleiðing.

2. HLUTI

Velferðarsvið

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Fjórar fagskrifstofur undir sviðsstjóra, samþætt þjónusta við: börn og fjölskyldur, fatlað fólk, aldrað fólk, fólk sem þarf félags- og húsnæðisþjónustu. Átta manna framkvæmdastjórn. Nýtt skipurit og áhrif.

3. HLUTI

Skóla- og frístundasvið

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Fagleg og rekstrarleg forysta leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála færist á fagskrifstofur. Ný skóla- og frístunaþjónusta. Nýtt skipurit og áhrif.

Tillaga til afgreiðslu borgarráðs

Lagt er til að borgarráð samþykki breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs frá og með 1. september 2026.

1 Nýtt þjónustuskipulag

Verkefni og þjónusta Miðstöðvanna, frístundamiðstöðvanna, Keðjunnar og Virknihúss færð í nýtt þjónustuskipulag sem byggir á þjónustupörf í stað hverfaskiptingar. Alþjóðateymi lagt niður.

2 Nýtt stjórnskipulag velferðarsviðs

Þjónustan skipulögð í fjórum fagskrifstofum undir sviðsstjóra. Einstaklingsþjónusta við börn færist frá skóla- og frístundasviði. Barnavernd undir skrifstofu barna- og fjölskyldumála.

3 Nýtt stjórnskipulag skóla- og frístundasviðs

Fagleg forysta leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála færist inn á fagskrifstofur. Skrifstofa nýsköpunar og þróunar verður skóla- og frístundaþjónusta.

4 Útfærsla og innleiðing

Sviðsstjórum falið að útfæra og innleiða breytingar á skipulagi, verkaskiptingu og mönnun í samræmi við ný skipurit. Mótun nýrra eininga verði lokið fyrir 1. janúar 2027.

Áfram verður lögð áhersla á nærþjónustu við íbúa í hverfum, skólum og í frístundastarfi. Nánari útfærsla er í greinargerð.

Rekstrarumhverfið kallar á markvissar breytingar

Þröngt fjárhagslegt svigrúm

Þjónustupörf borgarbúa fer vaxandi á sama tíma og svigrúm í rekstri þrengist. Nauðsynlegt rekstrarlegt svigrúm verður ekki skapað með auknum fjárheimildum einum saman.

Leita þarf svigrúms innan núverandi rekstrar með skýrari forgangsroðun, endurskipulagningu verkefna og þjónustu og hagkvæmari nýtingu fjármuna.

Tillögurnar eru í samræmi við samstarfsyfirlýsingu meirihlutans og erindisbréf stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar, dags. 8. júní 2026.

-3,7

ma.kr.

Neikvætt útgjaldasvigrúm borgarsjóðs vegna nýrra verkefna 2027

5,9

ma.kr.

Metnar áskoranir í rekstri sviða og miðlægrar stjórnsýslu

6,5%

launahækkun 2027

Samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar 2027 og fimm ára áætlunar 2027–2031

8,0%

meginvextir

Ekki gert ráð fyrir lækkun fyrr en í fyrsta lagi í byrjun árs 2028

Breytt skipulag þarf að styðja við sjálfbæran rekstur til lengri tíma og tryggja að fjármunum sé fyrst og fremst beint að lögbundinni grunnþjónustu.

Dreifing verkefna, ábyrgðar og fagþekkingar

Veikleikarnir einskorðast ekki við fjórskiptingu miðstöðvanna heldur einnig í dreifingu skyldra verkefna og ábyrgðar milli eininga og sviða.

! Takmörkuð heildaryfirsýn

Sambærilegir þjónustupættir reknir í mörgum einingum undir dreifðri forystu. Erfiðara að innleiða sameiginlega verkferla og fagleg viðmið.

! Aðgreind fagleg og fjárhagsleg stýring

Ábyrgð á faglegum ákvörðunum, rekstri og ráðstöfun fjármuna er ekki alltaf á sama stað. Það veikir ábyrgð á árangri og kostnaði.

! Takmarkaðir mælikvarðar

Mælikvarðar á umfang, gæði og árangur eru takmarkaðir. Samanburður milli eininga og mat á þjónustupörf, bið og árangri inngripa er erfiður.

! Ójafnræði milli borgarhluta

Ólíkt verklag og þjónustuframkvæmd milli hverfa gerir erfiðara að tryggja sambærilegt aðgengi og gæði óháð búsetu.

! Ólíkar einingar og ójafnt álag

Einingar eru ólíkar að stærð, umfangi og verkefnasamsetningu. Það dregur úr samanburðarhæfni og leiðir til ójafns álags.

! Viðkvæm lítil fagteymi

Fagþekking dreifist á margar einingar. Smærri teymi eru viðkvæm fyrir álagi, veikindum og manneklu og sérhæfing verður takmörkuð.

Betri þjónusta, skýrari ábyrgð, betri nýting fjármuna

1 Einfaldara stjórnskipulag

Færri stjórnunar- og rekstrareiningar, skýrari verkaskipting og styttri boðleiðir.

2 Sterkari fagteymi

Fagþekking hvers málaflokks sameinuð í stærri og sérhæfðari teyllum með faglegan stuðning.

3 Skýrari ábyrgð

Fagleg, rekstrarleg og mannauðstengd ábyrgð á sömu hendi hjá skrifstofustjórum.

4 Jafnræði í þjónustu

Samræmt verklag og viðmið óháð borgarhlutum. Rétt þjónusta á réttum tíma, óháð búsetu.

5 Farsæld barna og fjölskyldna

Einstaklingsþjónusta við börn á einni hendi styður innleiðingu laga nr. 86/2021 um farsæld barna.

6 Betri nýting fjármuna

Dregið úr yfirbyggingu og tvíverknaði; stærri hluti fjármuna fer í beina þjónustu við íbúa.

Með öflugri almennri og snemmtækri þjónustu er brugðist fyrr við þörfum íbúa og dregið úr þörf fyrir umfangsmeiri og kostnaðarsamari sértæk úrræði.

Um 900 m.kr. á ársgrundvelli

Fjárhagsleg áhrif þegar breytingarnar hafa verið innleiddar að fullu. Vegna fækkunar stöðugilda, breytinga á stjórnskipulagi og lægri húsnæðiskostnaðar.

~900

m.kr. á ári

Áætluð heildaráhrif á ársgrundvelli þegar fullri innleiðingu er náð.

440

m.kr. · Velferðarsvið

Fækkun stöðugilda og breytingar á stjórnskipulagi sviðsins.

300

m.kr. · Skóla- og frístundasvið

Sameining faglegrar forystu og stoðþjónustu á miðlægum skrifstofum.

160

m.kr. · Húsnæði

Leiguhúsnæði tekið úr rekstri og leigusamningum sagt upp.

Húsnæði tekið úr rekstri

Efstaleiti 1 · Borgartún 6 · Álfabakki 10 · Þönglabakki 4

Við mat á hagræðingu vegna húsnæðis er tekið tillit til kostnaðar sem kann að falla til vegna flutninga og breyttrar húsnæðisnotkunar. Nákvæm fjárhagsleg útfærsla og tímasetning breytinga á fjárheimildum verður unnin við gerð fjárhagsáætlunar.

62,3 stöðugildi lögð niður

Breytingarnar snúa að yfirbyggingu, stjórnendalögum og stoðþjónustu.

Þjónusta á vettvangi, í skólum, frístundastarfi og nærumhverfi íbúa, er óbreytt.

62,3

stöðugildi lögð niður

Að auki taka stöðugildi breytingum og starfsfólk færast til í starfi.

45,6

stöðugildi · Velferðarsvið

Þar með talið áhrif vegna Alþjóðateymis.

16,7

stöðugildi · Skóla- og frístundasvið

Fagleg forysta og stoðþjónusta miðstöðva sameinuð.

12 → 8

framkvæmdastjórn VEL

Fagskrifstofustjórar bera fag-, rekstrar- og mannauðsábyrgð.



Stöðugildi einstaklingsþjónustu við börn

Talmeinafræðingar, þroskapiðlar, hegðunarráðgjafar og farteymi **færast frá skóla- og frístundasviði til velferðarsviðs.**



Starfsheiti og stjórnunarstig samræmd

Sviðsstjóri – skrifstofustjóri – deildarstjóri – teymisstjóri. Stjórnendaspönn samræmd milli sviðanna.

Tillagan er í samræmi við markmið hagræðingarhópsins

Erindisbréf stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu, dags. 8. júní 2026.



Skilvirkni og kostnaður

Færri stjórnunareiningar, einfaldari verkferlar og styttri boðleiðir. Áætluð áhrif um 900 m.kr. á ársgrundvelli.



Gagnsæi

Einfaldara skipulag gerir mælikvarða sýnilega og ákvarðanir gagnadrifnar. Betri yfirsýn yfir þjónustupörf, bið og árangur inngripa.



Valfrelsi og þjónusta

Þjónusta skipulögð eftir þöfum notenda. Ein skýr leið inn í kerfið — rafrænt, í síma eða á þjónustustað.



Mannvirðing

Rétt þjónusta á réttum tíma óháð búsetu. Snemmtækur stuðningur og samfella í eftirfylgni mála.



Árangur

Mælanleg markmið, samræmdir mælikvarðar og skýrari ábyrgð á rekstri og gæðum þjónustunnar.

Þjónustan er áfram veitt á vettvangi

Markmiðið er ekki að færa þjónustuna frá vettvangi heldur að sameina sérfræðipekkingu starfsfólks svo hún nýtist íbúum betur.

✓ Þjónusta í hverfunum/stofnunum

Þjónustan fer áfram fram í skólum, frístundastarfi og nærumhverfi íbúa. Húsnæði borgarinnar í hverfunum, svo sem skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og bókasöfn.

✓ Ein skýr leið inn í kerfið

Fyrsta snerting verður óháð innra skipulagi sviðanna. Erindið er metið og því beint til viðeigandi fagaðila eftir eðli og þjónustupörf, ekki eftir búsetu.

✓ Aðgengi

Rafræn þjónusta, símaþjónusta og þjónustueiningar fyrir staðbundna þjónustu.

✓ Þekkingaryfirfærsla

Faglegur stuðningur við starfsfólk á vettvangi eykst fremur en minnkar. Skýrari verkaskipting og aukin sérhæfing styrkja tengsl við íbúa og stofnanir.

Helstu starfsstöðvar

Borgartún 12–14 og Ármúli 4 — barna- og fjölskyldumál, öldrunarmál, skóla- og frístundaþjónusta, mannauðs- og fjármálaþjónusta · Bíldshöfði 20 — félags- og húsnæðismál

Skýr ábyrgð, verkaskipting og tímalína

1 25. ágúst 2026

Tillaga til borgarráðs

Tillögur um breytt stjórnskipulag lagðar fyrir borgarráð.



2 1. september 2026

Ný skipurit taka gildi

Barna-og fjölskylduþjónusta og Félags- og húsnæðisþjónusta taka við verkefnum Miðstöðva, frístundamiðstöðva, Keðju og Virkni húss.



3 Haust 2026

Útfærsla og mönnun

Mannauðsmál, húsnæðismál og tilfærsla verkefna útfærð af vinnuhópum.



4 1. janúar 2027

Mótun eininga lokið

Starfsemi nýrra eininga mótuð út frá greiningu á þjónustupörf.

Ábyrgð og verkstjórn

Sviðsstjórar

Bera ábyrgð á að útfæra og innleiða breytingar á skipulagi, verkaskiptingu og mönnun sinna sviða.

Stýrihópur

Hefur yfirumsjón með innleiðingu, tryggir samhæfingu milli sviða og tekur afstöðu til sameiginlegra álitaefna.

Verkefnastjóri og verkefnahópur

Halda utan um verkefna- og tímaáætlun, samhæfa verkþætti og undirbúa álitaefni til úrlausnar.

Mannauðs- og húsnæðishópar

Samhæfa mannauðsmál, tilfærslu starfsfólks, framtíðarnýtingu húsnæðis og nauðsynlega flutninga.

2. HLUTI

Velferðarsvið

Þjónusta sviðsins skipulögð í fjórum fagskrifstofum undir sviðsstjóra. Þjónusta við börn og fjölskyldur samþætt á einni hendi, sem og öldrunarþjónusta og félags- og húsnæðisþjónusta, og framkvæmdastjórn fer úr tólf í átta.

Kynnt af sviðsstjóra velferðarsviðs

Í hverju breytingin felst

Málaflokkar sem verið hafa á miðstöðvunum færast á einingar sem skipulagðar eru eftir viðfangsefni fremur en hverfum.



Fjórar fagskrifstofur undir sviðsstjóra

Skrifstofa barna- og fjölskyldumála, skrifstofa félags- og húsnæðismála, skrifstofa öldrunarmála og skrifstofa málefna fatlaðs fólks.



Þríþætt ábyrgð skrifstofustjóra

Fagleg, rekstrarleg og mannauðstengd ábyrgð á sínum málaflokki. Skrifstofustjórar verða næstu yfirmenn deildarstjóra.



Sambætt þjónusta við börn

Einstaklingsþjónusta við börn frá skóla- og frístundasviði færast til sviðsins. Barnavernd verður deild innan skrifstofu barna- og fjölskyldumála og fer áfram með lögbundnar valdheimildir.



Sambætt félags- og húsnæðisþjónusta

Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsnæðismál sambætt á einni hendi undir skrifstofu félags- og húsnæðismála í stað þjónustu á fjórum miðstöðvum.



Sambætt öldrunarþjónusta

Heimaþjónusta, heimastuðningur og önnur öldrunarþjónusta sambætt á einni hendi undir skrifstofu öldrunarmála, með samræmdri þjónustu í öllum hverfum.



Keðjan, Virknihus og Alþjóðateymi

Verkefni Keðjunnar færast undir skrifstofu barna- og fjölskyldumála og þjónusta Virknihusss undir skrifstofu félags- og húsnæðismála. Samningur um samræmda móttöku flóttafólks rennur út um áramót.

Áhrif á velferðarsviði: 45,6 stöðugildi lögð niður og áætluð hagræðing um 440 m.kr. á ársgrundvelli, auk húsnæðissparnaðar.

Fjórar fagskrifstofur — hlutverk og deildir

Barna- og fjölskyldumál

Fimm deildarstjórar

Öll þjónusta við börn og fjölskyldur, byggð upp í þjónustuprepum.

- Fyrsta stigs þjónusta
- Annars stigs þjónusta
- Barnavernd (þriðja stig)
- Stuðningsþjónusta
- Barnaúrræði

Félags- og húsnæðismál

Fjórir deildarstjórar

Ráðgjafarþjónusta, félags- og húsnæðisþjónusta og virkni.

- Rafræn móttaka
- Húsnæðismál
- Ráðgjöf og virkni
- VoR-teymi og starfsstöðvar

Öldrunarmál

Fimm deildarstjórar

Þjónusta við eldra fólk, heimastuðningur, heimahjúkrun og önnur heilbrigðisþjónusta.

- Heimaþjónusta norðvestur
- Heimaþjónusta suðaustur
- Þjónustuíbúðir og kjarnar
- Hjúkrunarheimili og dagdvalir
- Félagsstarf, matarþjónusta og forvarnir

Málefni fatlaðs fólks

Fimm deildarstjórar


Málaflokkurinn hefur þegar verið færður á miðlæga fagskrifstofu og er fyrirmynd að nálguninni.

- Skipulag helst óbreytt í meginatriðum
- Starfsheiti samræmd
- Stjórnendasönn samræmd
- Góður árangur í umbótum á verklagi
- Aukin fagleg sérhæfing

Skrifstofa fjármála og reksturs hefur yfirumsjón með fjármálum og rekstri sviðsins; fjármálaþjónusta miðstöðva færist þangað og verður endurskipulögð.

Einfaldara stjórnskipulag og átta manna framkvæmdastjórn


NÚVERANDI SKIPULAG



45,6

stöðugildi lögð niður á velferðarsviði

TILLAGA — NÝTT SKIPULAG



440

m.kr. áætluð hagræðing á ársgrundvelli, auk húsnæðis

Framkvæmdastjórn 12 → 8: Sviðsstjóri, fjórir fagskrifstofustjórar og skrifstofustjórar stjórnsýslu, fjármála og reksturs og mannauðsmála.

3. HLUTI

Skóla- og frístundasvið

Fagleg forysta leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála færist af miðstöðvum inn á fagskrifstofur sviðsins. Ný skóla- og frístundapjónusta styður starfsemi og starfsfólk á vettvangi.

Kynnt af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Í hverju breytingin felst

Markmiðið er að sameina faglega forystu og stoðþjónustu, sem áður dreifðist á miðstöðvarnar eftir hverfum, á miðlægum skrifstofum eftir faggreinum.

✓ Miðstöðvar og frístundamiðstöðvar

Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Suðurmiðstöð, ásamt Brúinni, Kringlumýri, Miðbergi og Tjörninni. Starfsemin færir undir nýtt skipulag byggt á þjónustubörf og faggreinum.

✓ Fagleg forysta á fagskrifstofur

Fagstjórar leikskóla og grunnskóla og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva verða deildarstjórar á viðkomandi fagskrifstofu og næstu yfirmenn stjórnenda á vettvangi.

✓ Ný skóla- og frístundapjónusta

Skrifstofa nýsköpunar og þróunar fær nýtt hlutverk og heiti. Kennsluráðgjafar, sérkennsluráðgjafar, daggæsluráðgjafar og sérfræðingar í frístundastarfi sameinast þar.

✓ Einstaklingsþjónusta við börn til VEL

Talmeinafræðingar, þroskajálfar, hegðunarráðgjafar og farteymi — um 30 stöðugildi — færast til barna- og fjölskylduþjónustu velferðarsviðs.

✓ Stoðþjónusta endurskipulögð

Mannauðs- og fjármálaþjónusta sem veitt var frá miðstöðvunum færir á hlutaðeigandi einingar á skrifstofu sviðsins og verður endurskipulögð.

✓ Þríþætt ábyrgð stjórnenda

Byggt á stjórnendastefnu borgarinnar: fagleg ábyrgð, mannauðsábyrgð og fjármálaábyrgð á sömu hendi.

Áhrif á skóla- og frístundasviði: 16,7 stöðugildi lögð niður og áætluð hagræðing um 300 m.kr. á ársgrundvelli, auk húsnæðissparnaðar.

Nýtt skipulag — fagskrifstofur og þjónustueiningar

Skrifstofa leikskólamála

Samþætt fag-, rekstrar- og mannauðsábyrgð

Þrír deildarstjórar

Stefnumótun, stjórnun, eftirlit, ráðgjöf og stuðningur við leikskóla. Deildarstjórar bera fag-, mannauðs- og fjármálaábyrgð á leikskólum borgarinnar.

Skrifstofa grunnskólamála

Samþætt fag-, rekstrar- og mannauðsábyrgð

Tveir deildarstjórar

Stefnumótun, stjórnun, eftirlit, ráðgjöf og stuðningur við grunnskóla. Deildarstjórar bera fag-, mannauðs- og fjármálaábyrgð á grunnskólum borgarinnar.

Skrifstofa frístundamála

Samþætt fag-, rekstrar- og mannauðsábyrgð

Tveir deildarstjórar

Stefnumótun, stjórnun, eftirlit, ráðgjöf og stuðningur við frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Deildarstjórar bera fag-, mannauðs- og fjármálaábyrgð á starfsemi frístundastarfsemi.

Skóla- og frístundaþjónusta

Áður nýsköpun og þróun

Starfar þvert á skrifstofur sviðsins. Miðja máls og læsis, Mixtúra og Jafnréttisskólinn ásamt ráðgjöfum og sérfræðingum af miðstöðvum. Þjónustan verður endurskipulögð með tilliti til þjónustuþarfa.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Stoðþjónusta

Fjárhagsáætlun, eftirlit, uppgjör og frávikagreiningar. Fjármálaþjónusta miðstöðva færast B12-14 og verður endurskipulögð.

Mannauðsþjónusta


Stoðþjónusta

Launa- og kjaramál, ráðgjöf til stjórnenda, vinnustaðagreiningar, öryggis- og vinnuverndarmál. Mannauðsþjónusta miðstöðva færast í B12-14 og verður endurskipulögð.

Formlegt samræmingarráð fulltrúa skóla- og frístundaþjónustu, fagskrifstofa sviðsins og skrifstofu barna- og fjölskyldumála virtur að samræmingu og samfelli í þjónustu við börn, fjölskyldur og stofnanir.

Frá hverfaskiptingu yfir í fagskipulag


NÚVERANDI SKIPULAG



16,7

stöðugildi lögð niður á skóla- og frístundasviði

TILLAGA — NÝTT SKIPULAG



300

m.kr. áætluð hagræðing á ársgrundvelli, auk húsnæðis

Afmörkuð og mælanleg breyting

Skipulagsbreytingarnar og sú hagræðing sem þeim fylgir eru ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að styrkja þjónustu, efla stuðning við starfsfólk og stuðla að jafnræði og gæðum.

4 → 0

miðstöðvar

Ásamt fjórum frístundamiðstöðvum, Keðjunni, Virkni húsi og Alþjóðateymi.

62,3

stöðugildi lögð niður

16,7 á skóla- og frístundasviði og 45,6 á velferðarsviði.

~900

m.kr. á ársgrundvelli

Þar af um 160 m.kr. vegna húsnæðis.

12 → 8

framkvæmdastjórn VEL

Fjórir fagskrifstofustjórar og þrjár stoðskrifstofur.

Til afgreiðslu



Borgarráð samþykki breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs frá og með 1. september 2026.



Sviðsstjórum verði falið að útfæra og innleiða breytingar á skipulagi, verkaskiptingu og mönnun í samræmi við ný skipurit.



Fjárheimildir verði færðar milli sviða og eininga eftir því sem við á og lækkaðar í samræmi við þá hagræðingu sem raungerist, eftir því sem breytingar koma til framkvæmda og kostnaður fellur út.